

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar er skipuð tveimur fulltrúum frá Akur-eyrarkaupstað, tveimur fulltrúum frá Arnarneshreppi, tveimur fulltrúum frá Dalvíkurbyggð, tveimur fulltrúum frá Eyjafjarðarsveit, tveimur fulltrúum frá Fjallabyggð, tveimur fulltrúum frá Grímsey, tveimur fulltrúum frá Grýtubakkahreppi, tveimur fulltrúum frá Hörgárbyggð, tveimur fulltrúum frá Svalbarðsstrandarhreppi, tveimur fulltrúum frá Þingeyjarsveit og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að fella úr gildi svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingaralaga nr. 73/1997. Samvinnunefnd mun jafnframt leggja fram tillögu að nýju svæðisskipulagi Eyjafjarðar, sbr. 12., 13. og 14. gr. sömu laga, með síðari breytingum. Þingeyjarsveit mun ekki koma að gerð nýs svæðiskipulags Eyjafjarðar.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við niðurfellingu svæðisskipulags Eyjafjarðar 1998-2018 og gerð nýs skipulags skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50% og heraðsnefnd Eyjafjarðar 50%.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 30. apríl árið 2008. Að rök-studdri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

Nr. 317

26. mars 2007

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2007